

Nd.

128. Frumvarp til laga

[116. mál]

um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson,
Guðrún Helgadóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon,
Svavar Gestsson.

1. gr.

Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Auðlindir samkvæmt lögum þessum taka til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda á og í hafsbotninum.

2. gr.

Enginn má leita að efnum til hagnýtingar í eða á hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

3. gr.

Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

4. gr.

Leyfi til hagnýtingar auðlinda á eða í hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal meðal annars ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar.

5. gr.

Með reglugerð skal iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um efni leyfa þeirra sem um ræðir í 3. og 4. gr.

6. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi enda liggja ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni, skulu innan sex mánaða sækja um leyfi samkvæmt 4. gr.

Greinargerð.

Það frumvarp, sem hér er flutt, er samhljóða stjórnarfrumvarpi sem fyrsti flutningsmaður mælti fyrir í efri deild Alþingis á 105. löggjafarþingi 1982.

Frumvarpið var upphaflega undirbúið af nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins á árinu 1982 en sú nefnd hafði á hendi skipulagningu og ráðgjöf um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir. Í hópi nefndarmanna var Benedikt Sigurjónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari. Frumvarpinu var að tillögu allsherjarnefndar efri deildar vísað til ríkisstjórnarinnar „til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga“. Lagði nefndin „áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála verði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing“. Álit nefndarinnar frá 9. mars 1983 er nú birt í heild sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Engin hreyfing hefur verið á þessu máli síðan á vegum núverandi ríkisstjórnar og er það því flutt að þessu sinni sem þingmannafrumvarp.

Með lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, voru settar reglur um fullveldi Íslands yfir hafinu og hafsbotninum umhverfis landið. Þar segir í 2. gr. að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar og hafsbotnsins innan hennar. Þá segir í 6. gr. laganna að fullveldisrétturinn yfir landgrunninu taki til rannsókna og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum sem þar eru.

Pótt settar hafi verið lagareglur um fullveldisrétt Íslands yfir hafsbotninum skortir reglur um eignarrétt og nýtingarrétt að auðlindum þeim sem þar kunna að finnast, a.m.k. á svæðum utan netlaga.

Rannsóknir á hafsbotninum umhverfis Ísland eru skammt á veg komnar. Hagnýt efni hafa ekki til þessa verið numin af hafsbotni, ef frá eru skilin mól og sandur. Þó hefur nokkuð verið hugað að þeim efnum.

Á árunum 1972 og 1973 voru gerðar allviðtækar rannsóknir á landgrunninu umhverfis Ísland. Meðal annars voru gerðar þyngdar-, segul- og dýptarmælingar. Þá var og aflað gagna um þyngdarmælingar bandaríska sjóhersins frá árunum 1967 til 1969.

Síðan á árinu 1978 hafa nefndir, skipaðar af iðnaðarráðherra, unnið að skipulagningu rannsókna á hagnýtum efnum á og í hafsbotninum. Einkum hefur verið unnið að athugun á því hvort kolvetni kunni að finnast á þeim hafsbotnssvæðum sem fullveldisréttur Íslands tekur til. Af ýmsum ástæðum hefur athygli manna aðallega beinst að hafsvæðunum norðan Mið-Norðurlands. Á árinu 1978 veitti iðnaðarráðherra erlendu fyrirtæki leyfi til mælinga fyrir Norðurlandi. Fóru mælingarnar fram í nóvember- og desembermánuði 1978 undir umsjón og eftirliti Orkustofnunar. Íslenskur jarðeðlisfræðingur, fulltrúi stofnunarinnar, var um borð í skipi því er notað var við mælingarnar og fylgdist síðar með vinnslu gagna. Við könnun þessa komu fram á mælitækjum atriði er við úrvinnslu bentu til þess að setlög væri þarna að finna á hafsbotni. Mældar voru fjórar línur, samtals 857 km.

Sumarið 1982 var boruð kjarnahola, 554 m djúp, í Flatey á Skjálfanda til að leita staðfestingar á tilvist setlaga þessara og kanna gerð þeirra. Með boruninum var staðfest að þarna er um setlög að ræða en engar vísbendingar um olíumyndun greindust í borkjarnanum, né lífræn efni sem gætu ummyndast í olíu við hagstæðari skilyrði. Bora þyrfti allmiklu dýpra til þess að ganga úr skugga um tilvist kolvetna í jarðlögum þessum. Samkvæmt fyrri vísbendingu gætu umrædd setlög verið allt að 4 km á þykkt.

Í þessu sambandi er rétt að drepa á samning Íslands og Noregs, sem undirritaður var 22. október 1981, um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen, en samningur þessi gekk í gildi 2. júní 1982. Þar er ákveðið að Íslendingar og Norðmenn skuli sameiginlega láta fara fram rannsóknir á ákveðnum svæðum og settar verði reglur um hvernig háttað skuli olíuleit á þeim ef til komi. Í framhaldi af samningi þessum hófust á síðasta sumri, 1985, rannsóknir á Jan Mayen-hryggnum innan íslenskrar lögsögu með samkomulagi milli Orkustofnunar og norska jarðeðlisfræðifyrirtækisins Geco. Í tengslum við þær mælingar var

með sérstöku samkomulagi bætt við mælingum úti fyrir Norðurlandi frá rannsóknaskipi, á mælingalínunum samtals 230 km að lengd. Ekkert óvænt mun hafa komið fram í þessum rannsóknum til þessa en niðurstöður úrvinnslu munu fyrst liggja fyrir á árinu 1986.

Utan þessara svæða hefur ekki verið um verulega skipulegar hagnýtar rannsóknir að ræða.

Eins og að framan hefur verið rakið er lítið vitað um auðlindir á hafsbotninum við Ísland. Ekki er útilokað að þar kunnist að finnast verðmæt efni sem unnt væri að hagnýta. Það er því brýn nauðsyn að setja sem fyrst lagareglur um það hvernig háttáð skuli eignarrétti að auðlindum þessum og nýtingu þeirra. Það er engum vafa undirorpið að ríkið sem slíkt er eigandi að auðlindum þeim er á hafsbotni kunna að finnast og ræður yfir nýtingu þeirra. Er það í samræmi við viðurkenndar skoðanir manna í nágrannalöndum okkar.

Valinn hefur verið sá kostur að setja almenn lög um þetta efni þar sem ákveðnar eru meginlínur í stefnu þeirri sem tekin er. Um einstök svið hagnýtra rannsókna og vinnslu má síðar setja ákvæði í lögum eða með reglugerðum, eftir því sem þurfa þykir, m.a. um umhverfisvernd. Við samningu frumvarpsins hefur einkum verið höfð hliðsjón af tilhögun Norðmanna í þessum efnum. Hjá þeim gilda nú lög nr. 12/1963 eins og þeim var breytt með lögum nr. 21/1977.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er því slegið föstu að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum, frá netlögum og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær. Auðlindir þær, sem hér um ræðir, geta bæði verið lífrænar og ólífrænar.

Um 2. og 3. gr.

Hér er kveðið á um að enginn megi leita í eða á hafsbotninum að efnum til nýtingar, nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra, og að enginn megi heldur taka eða nýta efni á þessum svæðum, nema að fengnu skriflegu leyfi ráðherrans.

Um 4. og 5. gr.

Hér er ákveðið að gildistími leyfa þeirra, sem rætt er um í 3. gr., megi ekki vera lengri en 30 ár. Þá er ákveðið að í leyfisbréfi skuli greint ítarlega hvaða ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Er miðað við það að skilyrði um þetta verði í meginatriðum ákveðin í reglugerð þannig að þeir, sem áhuga hafa á að sækja um slík leyfi, viti fyrir fram í meginatriðum hvers muni verða af þeim krafist í þessum efnum.

Um 6. og 7. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem við gildistöku laga þessara taka efni af eða úr hafsbotninum, verða að sækja um leyfi til slíkrar starfsemi innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Geri þeir það ekki er heimild þeirra til tökunnar niður fallin og haldi þeir áfram starfsemi sinni getur það varðað þá viðurlögum samkv. 6. gr.

Fylgiskjöl.

- I. Álit allsherjarnefndar efri deildar, 9. mars 1983.
- II. Uppdráttur af Íslandi og hafinu umhverfis.
- III. Uppdráttur er sýnir m.a. umfang þyngdarmælinga 1972 og 1973.

- IV. Uppdráttur er sýnir mælinurnar norðan við land 1978.
- V. Uppdráttur er sýnir fyrirhugaðar mælinur norðan við land 1985.
- VI. Samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.
- VII. Uppdráttur af sameiginlegu nýtingarsvæði á landgrunninu milli Íslands og Jan Mayen.
- VIII. Norsk lög um nýtingu auðlinda hafsbotsins.

Fylgiskjal I.

ÁLIT ALLSHERJARNEFNDAR EFRI DEILDAR

um frv. til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins (þskj. 542).

Nefndin hefur rætt málið ítarlega og komist að raun um að hér sé um að ræða svo þýðingarmikið og vandmeðfarið mál að ógjörlegt sé að afgreiða það efnislega án frekari athugunar. Ljóst er að í nánustu framtíð eru hafsbotsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg, neðansjávarhásléttunni sem kennd er við Rokkinn, og á Jan Mayen-svæðinu fyrst og fremst tengd yfirborði hafsbotsins. Samkvæmt 77. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna eigum við réttindi til þeirra lífvera sem á þessum hafsvæðum finnast og botnlægar eru. Yfirborð hafsbotsins er einnig ótvíræð eign strandríkisins.

Nefndin telur þess vegna að allri lagasetningu um hafsbót þann, sem er utan 200 mílna efnahagslögsögunnar en tilheyrir Íslandi samkvæmt 76. gr., sbr. 83. gr. hafréttarsáttmálans, eigi að haga þannig að einkaréttur okkar sé sem best tryggður og allar veiðar útlendinga við botninn bannaðar. Hins vegar sé rétt að örva íslenska fiskimenn til að hagnýta þessi íslensku mið og bægja útlendingum af þeim í samræmi við alþjóðalög.

Með hliðsjón af framansögðu telur nefndin eðlilegt að þau málefni, sem varða yfirborð landgrunnsins utan 200 mílnanna á Reykjaneshrygg, Jan Mayen-svæðinu og Rockall-hásléttu, falli undir sjávarútvegsráðuneytið en leggur áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála verði fundin sem skjóttast og málið lagt fyrir næsta þing. Því leggur hún til að því verði nú **vísað til ríkisstjórnarinnar** til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga þar sem framangreind sjónarmið sitji í fyrirrúmi.


Alþingi, 9. mars 1983.

Eiður Guðnason,
form.
Stefán Guðmundsson.


Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr., frsm.
Salome Þorkelsdóttir.
Egill Jónsson.

Jón Helgason.
Stefán Jónsson.


Fylgiskjal II.



Fylgiskjal III.




Fylgiskjal IV.



Fylgiskjal V.

Fyrirhugaðar mælingur úti fyrir Norðurlandi á vegum Geco sumarið 1985.



Fylgiskjal VI.

SAMKOMULAG

milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Noregs sem óska eftir að ákvarða markalínuna á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen,

sem með gerð samkomulagsins frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál urðu ásáttar um að efnahagslögsaga Íslands skuli ná út í 200 sjómílar, einnig á þeim svæðum milli Íslands og Jan Mayen þar sem fjarlægðin milli grunnlínanna er minni en 400 sjómílar,

sem í 9. gr. fyrrnefnds samkomulags urðu ásáttar um að aðilar skyldu í sameiningu skipa sátta-nefnd sem gera skyldi tillögur um skiptingu landgrunnssvæðisins milli Íslands og Jan Mayen, og sem sameiginlega skipuðu slíka nefnd,

sem í maí 1981 fengu samhljóða tillögur sátta-nefndarinnar, er fela í sér að mörk landgrunns hvors aðila á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen skuli vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu hvors aðila, svo og að komið verði á samvinnu milli aðilanna um rannsóknir og nýtingu á olíuefnum („hydrocarbons“) á nánar tilgreindu svæði milli Íslands og Jan Mayen, beggja vegna markalínunnar, og

sem telja sig geta farið að tillögum nefndarinnar,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Mörk landgrunns hvors aðila á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen skulu vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu þeirra.

2. gr.

Ákvæði 3.–9. gr. taka til svæðis, sem afmarkast af eftirfarandi hnítum:

- 70°35' n.br.
- 68°0' n.br.
- 10°30' v.lg.
- 6°30' v.lg.

3. gr.

Á fyrsta stigi rannsókna sem ætlað er til kerfisbundinnar jarðfræðikönnunar á svæði því, sem tilgreint er í 2. gr., skulu aðilar sameiginlega annast jarðsveiflumælingar („seismic“ mælingar) svo og segulrannsóknir, ef með þarf. Norska olíustofnunin sér um framkvæmdahlið þessara rannsókna á grundvelli áætlana, sem samdar verða sameiginlega af sérfræðingum aðilanna. Kostnaður við þessar rannsóknir verður greiddur af norsku olíustofnuninni/norska ríkinu, nema aðilar komi sér saman um annað. Norskir og íslenskir sérfræðingar skulu hafa jafna möguleika á þátttöku í rannsóknunum og í mati á upplýsingum sem fram koma. Upplýsingar og matsgerðir skal leggja fyrir stjórnvöld landanna. Fara skal með þær sem trúnaðarmál nema aðilar komi sér saman um annað.

Verði ágóði af sölu jarðsveiflu- eða segulupplýsinga til fyrirtækja eða samtaka skal skipta hreinum hagnaði milli beggja aðila samkvæmt samningi þeirra á milli.

4. gr.

Sýni þær rannsóknir, sem um er fjallað í 3. gr., að æskilegt sé að framkvæma nákvæmari athuganir á vissum hlutum þessa svæðis, þ. á m. að gera nákvæmari jarðsveiflumælingar og að hefja boranir, skulu hugsanleg einkaleyfi til rannsókna og vinnslu á slíkum sérsvæðum veitt á grundvelli samnings um sameiginlegt verkefni („joint venture“), nema aðilar komi sér saman um annað samningsform. Aðilar geta komið sér saman um að láta olíufélög, ríkisrekin eða ekki, eiga aðild að slíkum samningum.

5. gr.

Á þeim hluta þess svæðis sem tilgreint er í 2. gr. og sem liggur norðan markalínu efnahagslögsögu landanna (u. þ. b. 32.750 km²) skal Ísland eiga rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi sem þeirri, sem um er fjallað í 4. gr. Í samningaumleitunum við utanaðkomandi olíufélög, ríkisrekin eða ekki, ber Noregi að reyna að fá því framgengt, að bæði

norskur og íslenskur hluti kostnaðar við slíka olíustarfsemi sé borinn („carried“) af hlutaðeigandi félagi (eða félögum) allt fram að því að lýst er yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði.

Verði ekki unnt að fá því framgengt, að kostnaður beggja aðila verði borinn af hlutaðeigandi félagi (eða félögum) skulu aðilar taka upp samningaumleitunir um möguleika á að reka starfsemi sem sameiginlegt verkefni, þar sem hvor þeirra beri sinn kostnað eða þeir skipti með sér kostnaði. Óski Ísland ekki eftir þátttöku á þessum grundvelli er Noregi heimilt að halda áfram á eigin áhættu. Verði því lýst yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði skal Ísland á því stigi eiga þess kost að ganga inn í starfsemi með sinn hlut gegn því að greiða Noregi þann hluta útlagðs kostnaðar fram að þessum tíma sem hefði svarað hlut Íslands ef það hefði verið þátttakandi frá upphafi.

Norsk löggjöf, norsk stefna í olíumálum og norsk ákvæði um eftirlit með starfsemi, öryggisráðstafanir og umhverfisvernd skulu gilda um starfsemi á því svæði sem tiltekið er í fyrstu málsgrein. Norsk stjórnvöld skulu einnig fara með framkvæmdarvald og stjórnun á þessu svæði.

6. gr.

Á þeim hluta þess svæðis sem tilgreint er í 2. gr. og sem liggur sunnan markalínu efnahagslögsögu landanna (u. þ. b. 12.720 km²) skal Noregur eiga rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi sem þeirri, sem um er fjallað í 4. gr. Í samningaumleitunum við utanaðkomandi olíufélög, ríkisrekin eða ekki, skal Íslandi ekki vera skylt að reyna að fá því framgengt, að hinn norsk hluti kostnaðar við slíka olíustarfsemi sé borinn af hlutaðeigandi félagi (eða félögum).

Íslensk löggjöf, íslensk stefna í olíumálum og íslensk ákvæði um eftirlit með starfsemi, öryggisráðstafanir og umhverfisvernd skulu gilda um starfsemi á því svæði sem tiltekið er í fyrstu málsgrein. Íslensk stjórnvöld skulu einnig fara með framkvæmdarvald og stjórnun á þessu svæði.

7. gr.

Eftir að lýst hefur verið yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði skal hvor aðili bera sinn kostnað við áframhaldandi framkvæmdir á svæðinu í hlutfalli við sinn hlut í viðkomandi samningi.

8. gr.

Finnist olíuefni á svæði sem liggur báðum megin markalínu efnahagslögsögu landanna eða sé það allt sunnan markalínunnar en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr. skulu venjulegar meginreglur um einingarnýtingu auðlinda („unitising“) gilda um skiptingu og nýtingu fundarins. Aðilar skulu semja um nánari reglur sem gilda eiga í slíkum tilvikum.

Finnist olíuefni á svæði sem allt liggur norðan markalínu, en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr., skal það allt teljast liggja innan hnitanna, sbr. 5., 6. og 7. gr.

9. gr.

Ef annar aðilinn telur að ákvæðin um öryggisráðstafanir og umhverfisvernd, sem um er fjallað í 5. og 6. gr., veiti ekki nægilega vernd þegar fram fara rannsóknir eða vinnsla á því svæði, sem tilgreint er í 2. gr., skulu aðilar hafa samráð, sbr. 10. gr. samkomulagsins frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál. Verði aðilar ekki sammála í slíkum samráðum skal málinu vísað til sáttanefndar þriggja manna. Aðilar skulu eigi hefja slíkar aðgerðir eða halda þeim áfram fyrr en tillögur sáttanefndarinnar liggja fyrir, nema brýn þörf krefji.

Hvor aðili skal tilnefna einn mann í sáttanefndina. Formaður nefndarinnar er tilnefndur með samkomulagi aðilanna.

Tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir ríkisstjórnirnar svo fljótt sem verða má. Tillögurnar eru án skuldbindingar fyrir aðilana, en þeir skulu taka sanngjarnt tillit til þeirra í frekari málsmeðferð.

10. gr.

Samkomulag þetta öðlast gildi þegar aðilar hafa skipst á orðsendingum um að nauðsynlegri stjórnskipunarmedferð sé lokið.


Þessu til staðfestu hafa fulltrúar með umboði undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Osló hinn 22. október 1981 í tveimur eintökum á íslensku og norsku og eru báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:
Ólafur Jóhannesson

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs:
Svenn Stray.

Fylgiskjal VII.



Fylgiskjal VIII.

Lov nr. 12 av 21. juni 1963 om utforskning og utnyttelse av undersjøiske naturforekomster.

§ 1.¹⁾

Denne lov gjelder utforskning og utnyttelse av naturforekomster på havbunnen eller i dens undergrunn, så langt havets dybde tillater utnyttelse av naturforekomstene, såvel innenfor som utenfor de ellers gjeldende sjøgrenser, likevel ikke ut over midtlinjen i forhold til andre stater.

Loven kommer også til anvendelse ved virksomhet som nevnt i første ledd i område utenfor den norske del av kontinentalsokkelen dersom dette følger av særskilt avtale med fremmed stat eller av folkeretten forøvrig.

§ 2.

Retten til undersjøiske naturforekomster tilligger staten.

Kongen kan gi norske eller utenlandske personer, herunder også stiftelser, selskaper og andre sammenslutninger, adgang til å utforske eller utnytte naturforekomstene. Det kan settes bestemte vilkår for slike tillatelser.

§ 3.

Kongen kan gi regler om utforskning og utnyttelse av undersjøiske naturforekomster.

§ 4.

Eldre lover skal ikke være til hinder for bestemmelser gitt i medhold av § § 2 og 3 i denne lov.

§ 5.

Retten til skipsfart og fiske berøres ikke av denne lov.

§ 6.

Denne lov trer i kraft straks.

¹⁾ Endret i lov nr. 21 av 25. mars 1977.